

HÖNNUNARSAFN
MUSEUM OF DESIGN
AND APPLIED ART
ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2022



BEYGJA, KREPPA, SUNDUR, SAMAN Sigríður Sigurjónsdóttir

Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands

Árið 2022 snerist mikið um sund í Hönnunarsafni Íslands. Sundið kjarnar svo fallega saman hönnun, heilsu, mannlega hegðun, sögu þjóðar, gildi fólks, mikilvægi samveru og einnig nýsköpun sem byggir á sögu og sérstöðu. Safnið átti mjög gott og gefandi samstarf við Háskóla Íslands í tengslum við sýninguna.


Sundmenningin og safnamenningin eiga ýmislegt sameiginlegt. Hvort tveggja eru almenningsrými. Þangað má sækja næringu, innblástur, njóta samveru og samtala eða vera út af fyrir sig. Undanfarin ár hefur verið unnið hörðum höndum að því að glæða Hönnunarsafn Íslands lífi. Það hefur tekist vel með áhugaverðum sýningum, vandaðri fræðslu og vinnustofum fyrir grunnskólanemendur í Garðabæ, gestahönnuðum í vinnustofudvöl, gestum í opnu rann-sóknarrými, áhugaverðum opnum smiðjum, námskeiðum fyrir almenning ásamt fyrirlestrum og leiðsögnum.

Ekki er hægt að gera allt í einu og nú er tímabært að huga að innviðum safnsins. Á árinu var farið í heilmiklar endurbætur á hluta af varðveislurými safnsins. Gamlir kælskápar fjarlægðir, veggir fjarlægðir, rafmagn endurnýjað, málað og hreinsað og raðað upp á nýtt. Sumarstarfsmenn safnsins aðstoðuðu við og eigandi húsnæðisins, Reginn, greiddi fyrir framkvæmdirnar. Skipulag í varðveislurými, skráning og söfnun gripa hefur setið á hakanum en nú er tímabært að færa fókusinn á þennan hluta safnastarfsins.

Skipting gesta 2022


Í janúar var lokað vegna covid og aðalsalur safnsins var lokaður í nóvember og desember vegna uppsetningar á fastri sýningu.

Gestir með lykla er fólk sem stundar rannsóknir eða er í vinnustofu-
dvöl í safninu



HEIMSÓKNIR


Samtals gestir frá 2018–2022



HEIMSÓKNIR



Samtals voru haldnir 39 viðburðir á árinu sem 1091 manns sóttu.



Facebook vinir í lok árs 2022		Instagram fylgjendur í lok árs 2022	
2022	5504	2022	3870
2021	5004	2021	3305
2020	4775	2020	2545
2019	4343	2019	ekki aðgengilegt

Sýningarsalur
Sund
01.02.—23.10.2022

Safnið á röngunni
Högn Sigurðardóttir,
skráning á teikningum arkitekts
19.10.2021—31.03.2022
(sjá ársskýrslu 2021)

Högn Sigurðardóttir
Skráning á teikningum arkitekts
19.10.2021—31.03.2022

Tiltekt
01.06.—30.12.2022

Pallurinn
Fallegustu bækur í heimi
11.11.2021—30.01.2022

Hrund Atladóttir
Sýndarsund
04.05.—23.10.2022

Dieter Roth, grafísk hönnun
28.11.—30.12.2022

Vinnustofudvöl
Studio Allsber
11.01.—08.05.2022

Módelismiðir í vinnustofudvöl
16.06.—31.08.2022

H A G E hattagerðarmeistarar
19.09.—23.12.2022

Sýning á Facebook
Jóladagatal 2022
Rauðir hlutir úr safneign
01.12.—24.12.2022

Sýning utan safnsins
Fertile Soil: The Glit Era
In Icelandic Ceramics
01.04.2018—
The Retreat Blue Lagoo

8

9

Tíu aðföng voru keypt, sjö voru gjafir, þar af þrjú „söfn“.
Samtals um 165 gripir.

Keyptir gripir

- ☉ Gunnar Magnússon, Appollo sófaborð
- ☉ Tinna Gunnarsdóttir, Profile gólflampi
- ☉ Sundbolir frá 66°Norður
- ☉ Linda Björg Árnadóttir, Scintilla púðaver og rúmföt
- ☉ Hildur Yeoman, sundbolir
- ☉ Eyglo, sundbolir
- ☉ Sunna Örlygsdóttir, jakki
- ☉ Hanna Dís Whitehead, viskastykki og snagi
- ☉ Shoplifter í samstarfi við Kalda, skópar
- ☉ Lauf forks hf. True Grit Weekend Warrior, reiðhjól

Gjafir

- ☉ Arkitektúrlíkan af tillögu að útvarpshúsi
- ☉ Stóll eftir Dieter Roth
- ☉ Plaköt frá fjölprent
- ☉ Hjónarúm, spegill með áfastri skúffu og kollur eftir Árna Jónsson
- ☉ Borðsofuborð, 4 stólar og 2 skenkar eftir Svein Kjarval
- ☉ Teikningar frá Hótel Sögu o.fl. eftir Lothar Grund innanhúss- og leikmyndahönnuð
- ☉ Teikningasafn Jes Einars Þorsteinssonar arkitekts

Söfn frá Lothar Grund og Jes Einari
á eftir að skrá og ekki þekkt hversu margir gripirnir eru.

SÝNINGAR

NÝ AÐFÖNG Í SAFNEIGN



Studio Allsber
Vöruhönnuðir í vinnustofudvöl
11.01.—08.05.2022



Snorri Freyr Vignisson og Lárey Huld Róbertsdóttir
16.06.—31.08.2022



H A G E
Hattagerðarmeistarar
15.09.—30.11.2022

Á árinu 2022 dvöldu sjö hönnuðir í vinnustofudvöl í anddyri safnsins: Hönnunarteymið Studio Allsber sem samanstendur af vöruhönnuðunum [Agnesi Freyju Björnsdóttur](#), [Silvíu Sif Ólafsdóttur](#) og [Sylvíu Dröfn Jónsdóttur](#). Þær unnu upp úr samtölum sem þær heyrðu í sundi og skráðu á 100 keramikbolla.

[Snorri Freyr Vignisson](#) og [Lárey Huld Róbertsdóttir](#), sem útskrifuðust með BA-gráðu í arkitektúr frá Listaháskóla Íslands 2022 dvöldu sumarlangt við að gera módel eftir teikningum Högnu Sigurðardóttur af húsum sem aldrei voru byggð.

Hattagerðarmeistararnir [Anna Gulla](#) og [Harper](#) sköpuðu fjölda hatta og héldu tvö námskeið sem uppselt var á. Einnig héldu þau skemmtilega opna hattasmiðju fyrir gamlárskvöld.

Allir hönnuðirnir taka að sér einn dag í viku á samfélagsmiðlum safnsins og deila viðfangsefnum sínum ýmist sem story eða hægörpum.

all over the World
Book Design from
1910 to 1980

PALLURINN



Pallurinn er lítið rými inn af safnbúðinni sem áður var nýtt sem leiksvæði fyrir börn. Nú hafa fallegu leikborðin í anda Einars Þorsteins á efri hæðinni tekið við því hlutverki.

Pallurinn er lítill en virkar einstaklega vel sem sýningarrými og er skemmtileg viðbót við stóru salina. Hér er hægt að framkvæma hluti með litlum fyrirvara og gera tilraunir. Á árinu 2022 voru haldnar þrjár sýningar í rýminu sem er enn ansi hrátt.

Fallegustu bækur í heimi
11.11.2021—30.01.2022

Umsjón Anton Jónas Illugason

Best Book Design from all over the World keppnin hefur verið haldin frá árinu 1963 með það að markmiði að hvetja til aukins alþjóðlegs samtals um bókahönnun. Á sýningunni voru sýndar bækur sem hlutu sérstaka viðurkenningu árið 2022. Gestum er velkomið að setjast niður og fletta bókunum. Sýningin er unnin í samstarf við FÍT, Félag íslenskra teiknara og Stiftung Buchkunst.

Sýndarsund, Hrund Atladóttir
04.05—23.10.2022

Sýndarsund var sýndarveruleikarverk sem tengdist sýningunni Sund. Við veltum fyrir okkur hvort sýndarveruleiki sé nýr möguleiki á upplifun víddaflakks? Gestum var boðið að skella sér á bólakaf án þess að blotna.

Dieter Roth, grafísk hönnun
28.11—30.12.2022

Sýningarstjórar Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir og Fraser Muggeridge

Á sýningunni var lögð áhersla á að sýna úrval verka Dieters sem flokkast undir grafíska hönnun og hafa mörg hver ekki fengið mikla athygli hingað til. Líftími verkanna er oft ekki langur, þau ekki talin verðmæt og fá eintök hafa varðveist. Þessi verkefni dýpka þekkingu okkar á þróun grafískrar hönnunar. Óhætt er að segja að Dieter Roth (1930—1998) sé í hópi frumkvöðla sem mótuðu grafíska hönnun á Íslandi og víðar.

Sýningin sannaði hvað Pallurinn er gott sýningarrými og þrátt fyrir að vera lítill er hægt að setja þar upp „stórar“ sýningar.

Frá árinu 2018 hefur innri sýningarsalur safnsins verið nýttur sem opið rými til rannsókna. Safnið nýtir rýmið ýmist fyrir eigin skráningarverkefni, varðveisluverkefni eða býður rannsakendum á sviði hönnunar rýmið til umráða. Þetta er lifandi rými þar sem gestir og starfsfólk safnsins eiga í samtali við rannsakendur og fagfólk. Það hefur verið fróðlegt að upplifa og átta sig á því hvað rými er dýrmætt í rannsóknarvinnu. Sem dæmi, þegar um er að ræða skráningarverkefni eins og teikningar Högnu Sigurðardóttur fæst gott yfirlit yfir verkin, rýmið býður upp á að halda fyrirlestra innan um verkin og gestir komu með skemmtilegar og dýrmætar viðbótarupplýsingar.



Tiltekt 01.06—30.12.2022

Umsjón Þóra Sigurðardóttir sérfræðingur safneignar ásamt sumarstarfsmönnum Garðabæjar
Una María Magnúsdóttir, Katla Einarsdóttir, Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir og Egill Askur

Sumarið 2022 var hafist handa við að tæma hluta varðveislu-
rýmisins sem þurfti sárlega á endurbótum að halda. Þegar búið var
að tæma rýmið sá Reginn um að fjarlægja gamla kæliskápa, rífa
niður milliveggi, mála gólf og vegg og endurnýja loftljós. Það skal
tekið fram að að samkvæmt samningi á Reginn ekki að sjá um
viðhald eða endurbætur innanhúss og erum við því mjög þakklát fyrir
framtakið.

Safngripirnir voru fluttir upp í hluta safnsins sem hefur yfirskriftina
Safnið á röngunni. Hillum var komið upp í rýminu og gripunum raðað
í þær. Aðallega var um að ræða húsgögn og það eina sem þau áttu
sameiginlegt var að hafa verið geymd í sama rými. Sumarstarfsfólk
safnsins útbjó mjög skemmtilegt kort ásamt texta um gripina.
Útgangspunkturinn var ekki sögulegar staðreyndir heldur hvernig
starfsfólkið upplifði hlutina.



SUND



Sýningarstjórar [Valdimar T. Hafstein](#), þjóðfræðingur og [Brynhildur Pálsdóttir](#), hönnuður
 Grafísk hönnun [Armann Agnarsson](#) og [Helgi Páll](#)
 Lengd sýningar 01.02.–23.10.2022
 Sýningin hlaut styrk úr Safnasjóði

Mörg svið hönnunar koma við sögu í sundlaugamenningunni. Arkitektúr gegnir lykilhlutverki og þróun lauganna endurspeglar lifandi samtal arkitekta og samfélags. Grafísk hönnun, vöruhönnun, fatahönnun og upplifunarhönnun koma saman í sundinu. Sundlaugarnar eru samfélagshönnun: þær hafa mótað samfélag, menningu og líkama fólksins í landinu í meira en öld. Samfélagshönnun snýst um að skapa vellíðan og bæta daglegt líf fólks frekar en að skapa söluvöru.

Sýningin nær yfir tímabilið frá sundvakningunni við upphaf 20. aldar til dagsins í dag. Sýningunni var skipt í þrjú þemu: læra, leika og njóta sem tilheyra mismunandi tímabilum í sögu sundsins.

Sýningin er unnin í samstarfi við Háskóla Íslands. Hún byggir á rannsóknarsamstarfi þeirra [Arnar D. Jónssonar](#), [Ólafs Rastrick](#) og [Valdimars T. Hafstein](#) sem og rannsóknum þjóðfræðinganna [Katrínar D. Guðmundsdóttur](#), [Katrínar Snorraddóttur](#), [Ólafs Ingibergssonar](#) og [Sigurlaugar Dagsdóttur](#).

Sýningin hlaut góða aðsókn eða 5270 manns og dró að nýjan hóp gesta sem létu óspart í ljós ánægju sína. Sýningin hlaut meðal annars umfjöllun á BBC og var farið að tala um að ská íslenska sundmenningu á heimsminjaskrá UNESCO. Safnið er í samstarfi við HÍ og Forlagið um útgáfu bókar í tengslum við sýninguna sem væntanleg er árið 2023.

Viðburðir

- 01.02 Opnun
- 13.03 Leiðsögn með forstöðumanni Laugardalslaugar [Árna Jónssyni](#)
- 27.03 Leiðsögn með sýningarstjórum
- 29.03 Fyrirlestur, Flotþerapía, [Unnur Valdís Kristjánsdóttir](#) og [Omar Shenar](#)
- 10.04 Leiðsögn með forstöðumanni safnsins
- 24.04 Leiðsögn með [Katrínu Snorradóttur](#) þjóðfræðingi
- 18.05 Leiðsögn með sýningarstjórum
- 29.05 Leiðsögn með forstöðumanni Laugardalslaugar [Árna Jónssyni](#)
- 17.06 Leiðsögn með sérfræðingi safneignar
- 04.09 Smiðja með [Rán Flygenring](#), sundlaug í skókassa
- 10.09 Fyrirlestur, [Marcos Zotes](#) frá Basalt Arkitektum
- 19.09 Sérleiðsögn með forstöðumanni
- 25.09 Leiðsögn með forstöðumanni Laugardalslaugar [Árna Jónssyni](#) og fastagesti [Rannveigu Pálmadóttur](#)
- 23.10 Leiðsögn með forstöðumanni safns og sýningarstjóra
- 23.10 Leiðsögn á pólsku með [Ronalda Kopkę](#) starfsmanni Sundhallarinnar

Sundferðagjöf

Um er að ræða þrjár sérhannaðar sundferðir í tengslum við sýninguna Sund. Almennir getur nálgast ferðirnar á síðunni www.sundferdir.com og valið sundferðalag um Vestfirði, Vesturland eða Suðurland. Á síðunni er vegakort sem sýnir í hvaða röð er mælt með að fara í laugarnar. Þar má einnig finna ýmsan fróðleik svo sem upprunalegan tilgang lauganna og séreinkenni ásamt fallegu myndefni sem lýsir stemningunni á hverjum stað. Vefsíðan er blanda fróðleiks og skemmtunar og ætti að kveikja áhuga á ferðafyrir- komulagi sem er rakið að stunda á Íslandi.

Verkefnið fékk styrk úr nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2021 og að því komu þrír háskólanemar þær [Katrín Snorradóttir](#) nemandi í MA í Þjóðfræði, [Móna Lea Óttarsdóttir](#) nemandi í vöruhönnun og [Ragnheiður Stefánsdóttir](#) nemandi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands.

Nemendurnir fóru sjálfar í allar laugarnar, hittu gesti og umsjónamenn lauganna og fræddust um hvern stað fyrir sig.

Sundferðagjöfin var kynnt á Instagram síðu safnsins. Gjöf sem má gefa aftur og aftur.

Fræðsla

Fyrir sýninguna var unnin fræðsludagskrá í samstarfi við [Ólöfu Breiðfjörð](#) menningarfulltrúa Garðabæjar. Þóra Sigurðardóttir, sérfræðingur safneignar, mótaði og sá um sérsniðna leiðsög um sýninguna og [Rán Flygenring](#) grafískur hönnuður sem unnið hefur mikið með sundmenningu í sínum verkum var fengin til þess að hanna smiðju í kjölfar leiðsagnarinnar. Fræðslan er hönnuð sérstaklega með 4. bekk grunnskóla í huga. Það hefur reynst vel að bjóða upp á stutta leiðsögn um sýningu þar sem áhugaverðum fróðleiksmolum er varpað fram og nemendur virkjaðir í samtal um viðfangsefnið. Í kjölfarið er boðið upp á smiðju þar sem ímyndunaraflíð er í aðalhlutverki, hæflekinn til að hugsa með höndunum er efldur sem og það að æfa samstarf og upplifa möguleikana í því. Með Rán hannaði hver bekkur eina sundlaug saman þar sem ýmislegt var í gangi. Sundlaugarnar voru í lokin allar sýndar á sýningu á Garðatorgi á Barnamenningar- hátíð. Samtals tóku yfir 1000 börn þátt í verkefninu. Hver heimsókn tekur um 60–80 mínútur og lagt er upp með að bjóða upp á vandaðar smiðjur sem vekja áhuga og gleði.


- ☉ 1010 nemendur á miðstigi fengu sérhannaða leiðsögn og smiðju
- ☉ 136 leikskólanemendur fengu leiðsögn
- ☉ 88 framhaldsskólanemendur fengu leiðsögn
- ☉ 143 háskólanemendur fengu leiðsögn
- ☉ 146 almennir gestir fengu leiðsögn

REKSTUR

Innkoma	
Aðgangseyrir og þjónustutekjur	1.843.592
Sala í safnbúð	7.461.083
Ríkissjóður	20.000.000
Styrkir	4.570.000
Framlag Garðabæjar	74.331.464
Samtals innkoma	108.206.139

Gjöld	
Launakostnaður	35.752.000
Húsaleiga (varðveislurými, sýningarsalir og skrifstofur)	35.826.972
Innkaup v. safnbúðar með birgðabreytingur	5.059.796
Önnur vörukaup	6.008.677
Þjónustukaup	25.558.694
Samtals gjöld	108.206.139

Innkoma 2022



22

Stjórn safnsins á miklar þakkir skilið og þá sérstaklega fyrir stefnumótunarvinnu sem fram fór í lok árs 2018 og hefur verið uppfærð reglulega. Stjórn safnsins skipa: Stella Stefánsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson, Margrét Gunnlaugsdóttir og Kristín Björk Björgvinsdóttir.

Umsjón með texta Sigríður Sigurjónsdóttir
Hönnun og umbrot Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfnnsdóttir)

Útgefið september 2024

